

**Ed.** **135. Frumvarp til laga** [112. mál]  
um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson,  
Páll Þorsteinsson.

1. gr.

- a) a-liður 19. gr. laganna orðist svo: Vegir að öllum býlum, sem hafa ekki beint vegasamband við þjóðvegi, enda sé vegalengd frá þjóðvegi að býli yfir 200 metrar.
- b) Síðasta málsgrein falli niður.

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:  
Sýsluvegasjóður greiðir þó ekki kostnað við vegargerð innan 200 metra frá býli, ef vegurinn endar þar.

3. gr.

- a) Á eftir orðunum „andvirði þriggja“ í 21. gr. laganna komi: til sex.
- b) Næstíðasti málsliður sömu lagagreinar orðist svo: Sýslunefnd ákveður hámarks-  
gjald viðkomandi sýslu, og reiknar sýslumaður út gjald hvers hrepps og til-  
kynnir oddvita fyrir 1. mars.

4. gr.

Á eftir 2. málslið 2. málsgr. 28. gr. laganna komi nýr málsliður, sem orðist svo:  
Ef sýslunefnd ákveður, að gjald í sýsluvegasjóð skuli vera hærra en samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, sbr. 21. gr., skal þó framlag úr ríkissjóði móti umframgjaldinu í sýsluvegasjóð eigi vera lægra en nemur því gjaldi tvöföldu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um tekjuöflun til sýsluvega var lagt fram á Alþingi árið 1970, og lagði samgöngumálanefnd til, að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, en frv. hlaut ekki endanlega afgreiðslu á þingi. Síðan hefur ekki neitt gerst í þessum málum, sem orðið hefur til þess að hraða endurbótum á sýsluvegakerfinu. Á sama tíma hefur kostnaður allur við vegagerð stórum hækkað, en fjáröflun til sýsluvega alltaf verið þröngur stakkur skorinn.

Meðfylgjandi skýrslur sýna annars vegar lengd þjóðvega og hins vegar sýsluvega. Lætur nærri, að fjórði hlutinn af vegakerfi landsins tilheyri sýsluvegum.

Tekjur sýsluvegasjóða voru áætlaðar á s. l. ári kr. 41 603 000.00, en til þjóðvega á sama ári var áætlað fyrir utan lántökur 360 millj. kr. til viðhalds vega og 491 millj. kr. til nýbygginga, þar af til hraðbrauta 245.8 millj. kr. Lætur því nærri, að veittar séu 100 000 kr. til jafnaðar á km í þjóðvegi á móti 13 þús. kr. til jafnaðar á km í sýsluvegi.

Okkur flutningsmönnum er ljóst, að frv. þetta brúar ekki bilið á milli fjárveitinga til þjóðvega og sýsluvega, en það getur bætt talsvert fyrir þeim sýslufélögum, sem þurfa og vilja nota þá viðbótarfjáröflun, sem frv. heimilar. Mörg sýslufélög hafa tekið lán til þess að bæta úr brýnustu þörfum í vegagerð og borgað stórar upphæðir í vexti, svo að sú viðbótarfjáröflun, sem frv. gerir ráð fyrir, þarf ekki í öllum tilvikum að vera aukin útgjöld sýsluvegasjóða.

Það er margt, sem veldur því, að hraða verður vegagerð sýsluvega. Flutningaþörf heimila er meiri nú en áður, bílar stærri og fleiri, umferð því meiri. Mjólkurtankar eru komnir á marga bæi og eru að koma nú sem víðast. Þetta leiðir til þess, að mjólkinn verður sótt heim á bæina á stórum tankbílum, sem komast ekki að vetrinum, nema því aðeins að vegir séu vel gerðir og miklu betri en heimreiðarnar yfirleitt eru, þar sem þær voru miðaðar við allt önnur flutningatæki en nú þekkjast.

Fylgiskjal.

Þjóðvegir 1. janúar 1972.

	Þjóðvegir í þéttbýli km	Hraðbrautir km	Þjóðbrautir km	Landsbrautir km	Þjóðvegir alls km
Suðurlandskjördæmi .....	10.2	83.4	227.3	1 213.7	1 534.6
Reykjaneskjördæmi .....	31.6	168.4	23.9	183.5	407.4
Vesturlandskjördæmi .....	7.3	113.1	382.2	914.2	1 416.8
Vestfjarðakjördæmi .....	14.0	5.1	479.5	794.0	1 292.6
Norðurlandskjördæmi vestra .....	8.3	5.1	351.0	762.0	1 121.3
Norðurlandskjördæmi eystra .....	12.3	26.4	540.0	679.0	1 257.7
Austurlandskjördæmi .....	15.1	2.3	661.9	802.2	1 481.5
Samtals	98.8	398.7	2 665.8	5 348.6	8 511.9

### Hraðbrautir 1. janúar 1969 og 1972.

	Samkv. vegáætl. 1969—1972					Samkv. till. til þingsál. um vegáætl. 1972—1975				
	Ekki bílfært km	Ófull- gert km	Full- gert km	Ak- fært km	Hraðbr. alls km	Ekki bílfært km	Ófull- gert km	Full- gert km	Ak- fært km	Hraðbr. alls km
Suðurlandskjördæmi . . . .	—	68.9	—	68.9	68.9	—	66.6	16.8	83.4	83.4
Reykjaneskjördæmi . . . .	9.3	99.8	38.6	138.4	147.7	9.3	104.1	55.0	159.1	168.4
Vesturlandskjördæmi . . . .	—	100.7	—	100.7	100.7	—	113.1	—	113.1	113.1
Vestfjarðakjördæmi . . . .	—	—	—	—	—	—	5.1	—	5.1	5.1
Norðurl.kjördæmi vestra . . . .	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Norðurl.kjördæmi eystra . . . .	—	14.8	—	14.8	14.8	—	26.4	—	26.4	26.4
Austurlandskjördæmi . . . .	—	2.3	—	2.3	2.3	—	2.3	—	2.3	2.3
Samtals	9.3	286.5	38.6	325.1	334.4	9.3	317.6	71.8	389.4	398.7

### Þjóðbrautir 1. janúar 1972.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi . . . . .	12.0	215.3	227.3
Reykjaneskjördæmi . . . . .	—	23.9	23.9
Vesturlandskjördæmi . . . . .	—	382.2	382.2
Vestfjarðakjördæmi . . . . .	—	479.5	479.5
Norðurlandskjördæmi vestra . . . . .	—	351.0	351.0
Norðurlandskjördæmi eystra . . . . .	—	540.0	540.0
Austurlandskjördæmi . . . . .	—	661.9	661.9
Samtals	12.0	2 653.8	2 665.8

### Landsbrautir 1. janúar 1972.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi . . . . .	54.4	1 159.3	1 213.7
Reykjaneskjördæmi . . . . .	7.3	176.2	183.5
Vesturlandskjördæmi . . . . .	48.9	865.3	914.2
Vestfjarðakjördæmi . . . . .	62.4	731.6	794.0
Norðurlandskjördæmi vestra . . . . .	65.1	696.9	762.0
Norðurlandskjördæmi eystra . . . . .	8.5	670.5	679.0
Austurlandskjördæmi . . . . .	40.5	761.7	802.2
Samtals	287.1	5 061.5	5 348.6

### Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1969 og 1972.

	1. janúar 1969			1. janúar 1972		
	Vegir með		Vegir alls km	Vegir með		Vegir alls km
	malarslitlagi km	varanl. slitl. km		malarslitlagi km	varanl. slitl. km	
Suðurlandskjördæmi . . . . .	7.2	2.5	9.7	6.4	3.8	10.2
Reykjaneskjördæmi . . . . .	14.8	16.3	31.1	8.2	23.4	31.6
Vesturlandskjördæmi . . . . .	6.3	1.0	7.3	5.8	1.5	7.3
Vestfjarðakjördæmi . . . . .	13.1	0.9	14.0	12.9	1.1	14.0
Norðurlandskjördæmi vestra . . . . .	5.8	2.5	8.3	5.8	2.5	8.3
Norðurlandskjördæmi eystra . . . . .	11.4	0.9	12.3	10.2	2.1	12.3
Austurlandskjördæmi . . . . .	14.0	1.1	15.1	13.3	1.8	15.1
Samtals	72.6	25.2	97.8	62.6	36.2	98.8

### Sýsluvegir 1. janúar 1972.

Samkvæmt a—c lið 19. gr.

	Óakfært km	Rutt km	Lagt km	Alls km	Skv. d—e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km	
Vestur-Skaftafellssýsla .....		38.0	62.7	100.7	0.8	101.5	
Rangárvallasýsla .....		58.3	124.8	183.1	40.5	223.6	
Árnessýsla .....		23.1	171.3	194.4	19.0	213.4	538.5
Gullbringusýsla .....		1.6	17.5	19.1	4.1	23.2	
Kjósarsýsla .....		8.4	42.7	51.1	5.4	56.5	79.7
Borgarfjarðarsýsla .....		6.0	51.0	57.0	6.0	63.0	
Mýrasýsla .....	2.0	19.2	104.3	125.5	19.1	144.6	
Snæfellsness- og Hnappadalss.	1.6	22.1	87.3	111.0	39.1	150.1	
Dalassýsla .....	4.3	22.1	31.0	57.4	11.4	68.8	426.5
Austur-Barðastrandarsýsla ..		28.7	9.8	38.5	45.6	84.1	
Vestur-Barðastrandarsýsla ..		14.6	27.3	41.9	15.7	57.6	
Vestur-Ísafjarðarsýsla .....		47.7	9.5	57.2	47.4	104.6	
Norður-Ísafjarðarsýsla .....		8.3	34.5	42.8	26.5	69.3	
Strandasýsla .....		20.0	33.9	53.9	78.2	132.1	447.7
Vestur-Húnavatnssýsla .....	0.6	15.1	108.0	123.7	33.4	157.1	
Austur-Húnavatnssýsla .....	1.5	18.6	75.1	95.2	19.7	114.9	
Skagafjarðarsýsla .....	9.0	62.0	76.3	147.3	22.3	169.6	441.6
Eyjafjarðarsýsla .....		31.3	48.5	79.8	2.1	81.9	
Suður-Þingeyjarsýsla .....		72.6	79.1	151.7	7.0	158.7	
Norður-Þingeyjarsýsla .....	4.5	66.0	99.5	161.0	0.2	161.2	401.8
Norður-Múlasýsla .....	3.7	117.0	105.0	225.7	25.3	251.0	
Suður-Múlasýsla .....	0.4	61.0	66.6	128.0	25.3	153.3	
Austur-Skaftafellssýsla .....		22.0	35.4	57.4	22.7	80.1	484.4
Samtals	27.6	783.7	1 492.1	2 303.4	516.8	2 820.2	

### Óbrúðar ár á þjóðvegum.

Kjördæmi	1. janúar 1969		1. janúar 1972	
	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m
Suðurlandskjördæmi .....	7	10	7	9
Reykjaneskjördæmi .....	1	1	1	1
Vesturlandskjördæmi .....	7	3	1	1
Vestfjarðakjördæmi .....	19	6	3	5
Norðurlandskjördæmi vestra .....	3	5	2	4
Norðurlandskjördæmi eystra .....	2	1	2	1
Austurlandskjördæmi .....	20	10	15	8
Alls	59	36	31	29

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

### Óbrúðaðar ár á sýsluvegum.

Kjördæmi	1. janúar 1969		1. janúar 1972	
	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m
Suðurlandskjördæmi .....	4	2	1	1
Reykjaneskjördæmi .....	1	4	1	4
Vesturlandskjördæmi .....	6	6	5	4
Vestfjarðakjördæmi .....	31	9	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra .....	4	5	2	5
Norðurlandskjördæmi eystra .....	3	1	2	1
Austurlandskjördæmi .....	23	13	20	11
Alls	72	40	43	28